

Nd.

226. Nefndarálit

[98. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 98 31. des. 1974, um breyt. á lögum nr. 97 27. des. 1973, um löndun á loðnu til bræðslu.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Undirritaður, minni hluti sjávarútvegsnefndar, einn nefndarmanna, stendur ekki að flutningi þessa frv. Hinir, flutningsmenn frv., mæla með samþykkt þess, þrátt fyrir eindregin mótmæli samtaka sjómanna og útgerðarmanna.

Minni hl. n. sér hins vegar ekki ástæðu til að berjast gegn samþykkt þess, þar sem aðeins er um eitt skip að ræða, sem sérstaklega stendur á um, að talsverðum hluta í eigu Íslendinga og með alíslenska áhöfn; auk þess gilda aðrar og strangari reglur um löndun á afla skipsins, þar sem því á jafnan að vísa til fjarlæggra hafna. Meginfallinn er hins vegar sá, að skipið nýtur þess í fiskveiðilögsögu EBE að sigla undir dönskum fána, en nýtur þar á ofan sinna íslensku tengsla samkv. þessu frv. í íslenskri fiskveiðilögsögu.

Með tilliti til þess, að nú hefur verið samið við útlendinga um veiðar þó nokkurra loðnuskipa í íslenskri fiskveiðilögsögu um margfaldan afla á við þann sem þetta eina hálfíslenska skip mun taka, sér minni hlutinn sig ekki knúinn til að ganga móti málinu.

Þrátt fyrir það eru gallarnir nægilegir til þess, að dómi minni hlutans, að hann getur ekki staðið að samþykkt þess.

Alþingi, 17. des. 1977.

Garðar Sigurðsson.